



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi : Ciudad Quesada

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 3

Byggingarár : 2026

Sundlaug : Einka

Garður : Já

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði og garð

Bílastæði : Einkabílastæði á lóð

Fermetra stærð eignar :

107 m²

Stærð lóðar :

263 m²

Stærð þaksvala :

58 m²

Flugvöllur :

36

Strönd :

15

Borg :

3

Golf :

6

✓ Hiti í gólf

✓ Þaksvalir

✓ Heimilistæki

✓ Húsgögn fylgja með

✓ Loftkæling

Þetta fallega einbýlishús sem snýr í suður er á einni hæð með 3 rúmgóðum svefnherbergjum, 3 baðherbergjum með hita í gólf, fullinnréttuðu eldhúsi með gæða heimilistækjum og með eigninni fylgir einnig stór og flott verönd með einkasundlaug, þaksvalir með æðislegu útsýni og sér bílastæði inni á lóð.

Kaupendum gefst kostur að bæta við kjallara gegn vægu gjaldi.

Eignin verður afhent í Maí 2026

Ciudad Quesada er afar skemmtilegur og líflegur bær á Costa Blanca ströndinni sem hefur upp á allt að bjóða allan ársins hring, mikið úrval veitingastaða, verslana og allskyns afþreyingu fyrir allan aldurshóp s.s GoKart, vatnsleikjagarð, mini golf, keiluhöll og fleira og fleira, svo er örstutt á glæsilega golfvöllinn La Marquesa, 18 holu golfvöll með allt til alls fyrir golfspilarann. Fyrir náttúruunnendur eru fjölmargar náttúruperlur allt í kring um bæinn og má þar meðal annars nefna Saltvötnin í Torre Vieja og náttúruverndarsvæðið El Recorral þar sem vinsælt er að fara í lautarferð og fylgjast með iðandi fuglalífinu eða skella sér í göngutúr á þeim ótal gönguleiðum á svæðinu.

Innan við 10 mín akstur er svo að finna hina 11 kílómetra löngu gullnu strandlengju við Guardamar del Segura sem fengið hefur vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans, auk þess sem Torre Vieja er stutt frá. Svo er einnig stutt í verslunarmiðstöðvarnar Habaneras og La Zenia og aðeins 35 mínútur frá flugvöllinum í Alicante.

Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!